



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Pósthólf 214
211 Garðabæ

Sími: +354 565 7373
Netfang: gkg@gkg.is
Veffang: www.gkg.is

Til bæjarráðs Kópavogs

23. febrúar 2027

Efni: Ósk um stofnun nefndar sem skoðar uppbyggingu golfvalla á svæði Kópavogs.

Mikil gróska hefur verið á undanförunum árum í golfíþróttinni á Íslandi og stutt er í að golfíþróttin fari fram úr knattspyrnunni hvað varðar fjölda iðkenda. Þessi staðreynd hefur haft það í för með sér að biðlistar hafa myndast hjá golfklúbbum og komast færri að en vilja.

Í Kópavogi eru um 3.500 kylfingar eða tæplega 9% af íbúafjöldanum. Það er svipaður fjöldi og er skráður í Golfklúbb Reykjavíkur (GR). Til að þjóna þessum fjölda er GR með tvo 18 holu golfvelli og einn 9 holu golfvöll. Að aukir er GR með minni völlum sem er með par3/par4 holum og er 9 holur. Samtals gerir þetta 45 holur á keppnisvöllum og 9 holur á minni velli. Til samanburðar eru 9 golfholur staðsettar á landi Kópavogs (Leirdalsvöllur efri).

Fjöldi kylfinga á höfuðborgarsvæðinu og fjöldi golfhola

	Konur	Hlutfall kvk	Karlar	Hlutfall kk	Samtals í GSÍ	Samtals í golfi	Íbúafjöldi	Hlutfall	Land undir golfvelli
Reykjavík	1.791	34%	3.441	66%	5.232	7.586	140.000	5,4%	45
Kópavogur	842	34%	1.604	66%	2.446	3.547	41.000	8,7%	9
Garðabær	710	36%	1.272	64%	1.982	2.874	19.500	14,7%	45
Hafnafjörður	646	33%	1.308	67%	1.954	2.833	30.000	9,4%	27

*Eingöngu þeir sem eru skráðir í GSÍ
** Heildarfjöldi sem stundar golf

Íljósi framangreindrar stöðu óskar GKG eftir því að stofnuð verði sameignleg nefnd sem kanni eftirfarandi tvo valmöguleika og eftir atvikum aðra valkosti er varðar uppbyggingu golfíþróttarinnar innan Kópavogs:

- Bygging 18 holu golfvallar suðaustan við Guðmundarlund. Golfvöllurinn væri 18 holur og myndi uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til golfvalla í dag. Völlurinn myndi nýtast með sama hætti og aðrir vellir GKG í dag það er fyrir almenna kylfinga sem og barna-, unglinga- og afrekstarf.



- Bygging 9 holu golfvallar í Fossvogsdal. Golfvöllur sem væri par 3 og par 4 brautir. Það yrði tilvalinn völlur fyrir börn og unglunga, nýbyrjendur sem og þá kylfinga sem vilja láta reyna á stutta spilið. Gætt yrði að öllum öryggisþáttum varðandi umferð á göngu- og hjóltreidastígum. Völlurinn yrði unninn í þétu samstarfi við aðra hagsmunaraðila á svæðinu. Með þeim hætti yrði golfvöllurinn samþáttaður öðru útivistarsvæði í Fossvogsdal.

Ef af verður, þá erum við hjá GKG boðin og búin að vinna með Kópavogsbæ við að kanna framangreinda möguleika við uppbyggingu golfíþróttarinnar og þar af leiðandi eflingu lýðheilsu.

Með bestu kveðjum,

f.h. Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar



Jón Júlíusson



Agnar Már Jónsson